

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Verkferli ef upp kemur COVID-19 smit hjá starfsfólki

STARFSMAÐUR MEÐ EINKENNI COVID-19

Starfsmaður mætir ekki til vinnu ef grunur leikur á að um smit sé að ræða eða hann finnur til þeirra einkenna sem lýsa smiti. Starfsmaður tilkynnir skólastjórnendum um ástand sitt (verslo@verslo.is), hefur samband við sína heilsugæslu ef einkenni versna og heldur sig heima meðan beðið er eftir niðurstöðu.

Starfsmaður er heima þar til einkenni eru horfin + 1 dagur

STARFSMAÐUR MEÐ COVID-19

Ef niðurstaða úr Covid-19 sýnatöku reynist jákvæð skal starfsmaður tilkynna skólastjórnendum um ástand sitt (verslo@verslo.is) og fylgja fyrirmælum almannavarna. Skólastjórnendur fara eftir fyrirmælum almannavarna ef loka þarf skólanum eða ef setja þarf hluta starfsmanna og nemenda í sóttkví.

Starfsmaður er heima í einangrun skv. fyrirmælum almannavarna.

STARFSMAÐUR SEM HEFUR VERIÐ Í TENGLUM VIÐ EINSTAKLING MEÐ COVID-19

Starfsmaður fer í sóttkví, mætir þar af leiðandi ekki til vinnu og lætur skólastjórnendur vita um aðstæður (verslo@verslo.is).

Skólastjórnendur kanna hvort aðgerða er þörf gagnvart þeim einstaklingum í skólanum sem viðkomandi hefur verið í samskiptum við.

Starfsmaður er heima og fer eftir reglum almannavarna um sóttkví.

STARFSMAÐUR MEÐ EINKENNI COVID-19 OG FJARKENNSLA

Ef starfsmaður finnur til lítilla einkenna og ef heilsa leyfir getur hann fært staðkennslu yfir í fjarkennslu á Teams á meðan einkenni standa yfir. Starfsmaður tilkynnir skólastjórnendum (verslo@verslo.is) ef kennslan fer yfir í Teams.

Möguleiki hjá starfsmönnum að færa kennslu yfir á Teams á meðan einkenni standa yfir.

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS
vegna Covid-19

24. ágúst 2020

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Verkferli ef upp kemur COVID-19 smit hjá nemendum

NEMANDI MEÐ EINKENNI COVID-19

Nemandi sem fer að finna fyrir einkennum Covid-19 og er staddur í skólanum fer heim eða er sóttur og haft er samband við forráðamenn. Nemandi tilkynnir skrifstofu skólans um ástand sitt (s. 5900600 eða verslo@verslo.is), hefur samband við sína heilsugæslu ef einkenni versna og heldur sig heima meðan beðið er eftir niðurstöðu. Allir snertifletir nemendans eru sótthreinsaðir.

Nemandi er heima þar til einkenni eru horfin + 1 dagur

NEMANDI MEÐ COVID-19

Ef niðurstaða úr Covid-19 sýnatöku reynist jákvæð skal nemandi tilkynna skrifstofu skólans um ástand sitt (s. 5900600 eða verslo@verslo.is) og fylgja fyrirmælum almannavarna. Skólastjórnendur fara eftir fyrirmælum almannavarna ef loka þarf skólanum eða ef setja þarf hluta starfmannanna og nemenda í sóttkví.

Nemandi er heima í einangrun skv. fyrirmælum almannavarna.

NEMANDI SEM HEFUR VERIÐ Í TENGLUM VIÐ EINSTAKLING MEÐ COVID-19

Nemandi fer í sóttkví, mætir þar af leiðandi ekki í skólann og lætur skrifstofu skólans vita um aðstæður (s. 5900600 eða verslo@verslo.is). Skólastjórnendur kanna hvort aðgerða er þörf gagnvart þeim einstaklingum í skólanum sem viðkomandi hefur verið í samskiptum við.

Nemandi er heima og fer eftir reglum almannavarna um sóttkví.

SÓTTVARNARHÓLF OG SÓTTVARNIR

Skólanum er skipt upp í 7 hólf vegna fjöldatakmarkana. Hvert hólf hefur sinn sérstaka inngang (og sama útgang) og það má ekki fara aðra leið inn í skólann en þá sem tilheyrir hólfinu. Enginn samgangur á að vera á milli hólfanna. Góð handhreinsun er mikilvægasta ráðið til að forðast smit.

Enginn samgangur á að vera á milli sóttvarnarhólfa. Handhreinsun er mikilvægasta sýkingavörnin

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS
vegna Covid-19

24. ágúst 2020